

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 750/2016 um flugvernd, með síðari breytingum.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ný grein, 53. gr. a, svohljóðandi ásamt fyrirsögn:

Önnur ákvæði.

Singapúr, Changi flugvöllur, bætist við þau lönd sem viðurkennt er að geri flugverndarkröfur sem jafngilda sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningsflugi, að því er varðar flugvernd loftfara, varðandi farþega og handfarangur sem og lestarfarangur.

2. gr.

Gildistaka.

Reglugerðin er sett með heimild í 70. gr. d., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, með síðari breytingum, og öðlast gildi 6. febrúar 2018.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 30. janúar 2018.

F. h. r.

Sigurbergur Björnsson.

Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir.